

Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur  
Bjarni Reykjalín  
Kjarna  
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. janúar 2014  
Tilvísun: UST20131200166/bs

### Deiliskipulag - Vaðlaheiðargöng - Vinnubúðir. Umsögn


Vísað er til bréfs Þingeyjarsveitar dags. 21. desember 2013 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Hér er um að ræða tillögu að deiliskipulagi vinnubúða- og athafnasvæðis auk haugsvæðis við eystri gangamunna Vaðlaheiðarganga. Stærð svæðisins er um 18,2 ha. Ráðgert er að fjarlægja öll bráðabirgða mannvirki sem reyst verða. Að því loknu er ráðgert að móta svæðið þannig að það falli sem best að landi.

Umhverfisstofnun vill benda á að ef unnt er ætti að halda mold af yfirborði haugsvæðis til haga þannig að þetta efni nýtist til frágangs raskaðra svæða og ætti nýting á moldinni að tryggja uppgræðslu og betri aðlögun svæðanna að nánasta umhverfi.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

  
Björn Stefansson  
sérfræðingur